

Alþingi
Erindi nr. P 143/1548
komudagur 8.4.2014

8. apríl 2014

Alþingi, nefndasvið,
utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Heimssýnar um tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, sbr. þingskjal 635 – 340. mál.

Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu til þingsályktunar og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Það eru margvísleg atriði sem mæla með samþykkt ofangreindrar tillögu til þingsályktunar. Þau atriði varða m.s. lýðræði, siðferði, fullveldismál, sjávarútvegs mál, landbúnaðarmál og efnahagsmál, svo nokkuð sé nefnt.

A. Lýðræðisleg rök fyrir Alþingi til að samþykkja ofangreinda tillögu

A.1 Ferill umsóknar á Alþingi og í meðferð samninganefnda á kjörtímabilinu 2009-2013.

Alþingi samþykkti hinn 16. júlí 2009 með ályktun að fela þáverandi ríkisstjórn að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB). Tillagan var samþykkt jafnvel þótt annar stjórnarflokkanna hefði þá yfirlýstu stefnu að halda Íslandi fyrir utan ESB og ýmsir þingmenn annars stjórnarflokksins, svo sem Álfheiður Ingadóttir og Svandís Svavarsdóttir, lýstu því yfir við atkvæðagreiðslu að þeir vildu halda Íslandi utan ESB. Jafnframt hafði formaður annars stjórnarflokksins, Steingrímur J. Sigfússon, lýst því skýrt yfir fyrir kosningar að flokkur hans myndi fylgja þeirri stefnu sinni að stuðla ekki að því að sótt yrði um aðild að ESB.

Umsóknin um aðild að ESB var því á pólitískum brauðfötum, sérstaklega þegar haft er í huga að ESB gerir ráð fyrir því að lönd og ríkisstjórnir þeirra sem sækja um aðild vilji í raun og veru gerast aðilar.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hafði allt kjörtímabilið frá miðju ári 2009 til miðs árs 2013 til þess að ljúka samningum um aðild að

ESB, enda var því heitið í upphafi að þetta ferli ætti ekki að taka lengri tíma en um það bil eitt og hálf ár. Komið hefur fram að hægt var verulega á umsóknarvinnunni í ársbyrjun 2013 að kröfu annars stjórnarflokksins, Vinstri grænna. Nýverið hefur hins vegar komið fram að umsóknarvinnan hafði í raun og veru steytt á skeri þegar árið 2011 og svo ítrekað árið 2012 þegar ljóst var að nauðsynleg gögn voru ekki lögð fram í ferlinu af hálfu samningsaðila vegna þess að ljóst var að um svo mikinn afstöðumun var að ræða í landbúnaðarmálum og sjávarútvegsmálum að ekki gæti náðst samkomulag í þeim málaflokkum.

Þá þegar var það siðferðileg skylda þáverandi stjórnarflokka að upplýsa almenning á Íslandi um stöðu mála en það var ekki gert. Í staðinn var látið í veðri vaka í hátt á annað ár að vinnan við umsóknina gengi vel og væri í eðlilegum farvegi eða allt þar til hægt var á ferlinu í ársbyrjun 2013.

Ástæða þess meðal annars að viðræðurnar sigldu í strand voru þær að ljóst var að í þeim var ekki hægt að uppfylla þau skilyrði sem sett voru í ályktun Alþingis frá 16. júlí 2009 um umsóknina. Í ályktuninni sagði að við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skyldi ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram komu í álitni meiri hluta utanríkismálanefndar. Á þetta minntu þingmennirnir Atli Gíslason og Jón Bjarnason tvívegis með því að leggja fram á Alþingi vorið og haustið 2012 ályktun um að viðræðum skyldi hætt af þessum ástæðum. Ályktanirnar hlutu þá ekki brautargengi.

Miðað við það sem fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 1. febrúar 2014 og yfirlýsingum sérfræðinga sem unnu með stofnuninni er ljóst að ekki verður að óbreyttu haldið áfram með umsóknina þar sem ljóst er að ferlið uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett voru. Heimildin sem Alþingi veitti til umsóknar var því ekki opin. Í greinargerðinni sem fylgdi með umsókninni var fjallað um þá meginhagsmuni sem ekki átti að gefa eftir í samningaviðræðum. Meðal skilyrða sem sett voru í greinargerðinni voru yferráð yfir sjávarauðlindinni, samningsforræði vegna skiptingar á veiði úr deilistofnum og að stuðningi við landbúnað yrði ekki raskað með afnámi tolla.

Miðað við þetta er ljóst að mögulegt áframhald viðræðna við ESB kallar óhjákvæmilega á að fyrirbyggjandi þingsályktun yrði breytt þar sem ljóst má nú vera að í slíkum viðræðum yrði að falla frá því að þeir meginhagsmunir sem að framan greinir séu óumsemjanlegir. Það er í samræmi við niðurstöður í skýrslu Hagfræðistofnunar þar sem fram kemur að engar líkur séu á því að við fáum varanlegar undanþágur í líkingu við það sem Alþingi taldi að yrðu að vera fyrir hendi eins og fram kemur í þingsályktun og greinargerð Alþingis frá 16. Júlí 2009.

Það er því alveg ljóst á þessu að fyrrverandi ríkisstjórn mistókst ætlunarverk sitt þótt hún hefði til þess rúman tíma. Umræðurnar sigldu í strand á miðju kjörtímabili en því var samt haldið ranglega að þjóðinni að viðræðurnar væru í eðlilegum farvegi – allt þar til hægt var á viðræðum í byrjun árs 2013. Þessi vinnubrögð verða að teljast ámælisverð í ljósi þess hvaða skilyrði voru sett með ályktun Alþingis frá 16. júlí 2009.

A.2 Niðurstaða kosninga, stefna núverandi ríkisstjórnar og verkefnaskrá hennar.

Þegar kom að kosningum vorið 2013 höfðu tveir flokkar, þ.e. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur samþykkt nær samhljóða landsfundarályktun og flokksþingsályktun um að Íslandi væri betur borgið utan ESB og að aðildarviðræðum skyldi hætt. Þúsundir félaga í þessum flokkum tóku þátt í að vinna þessar ályktanir. Í kosningunum hlutu þessir flokkar gott meirihlutafylgi og mynduðu ríkisstjórn þar sem samþykkt stefna beggja flokka í ESB-málum stóð skýrum stöfum. Þar stóð orðrétt:

„Gert verður hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópu-sambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undan-genginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Síðasti hlutinn, um að ekki yrði lengra haldið í aðildarviðræðum án þjóðaratkvæðagreiðslu, var eins konar öryggisákvæði sem fyrr.

Núverandi ríkisstjórn steig skrefinu lengra en sú fyrrverandi og gerði formlegt hlé á viðræðum við ESB, enda var það í samræmi við stefnu stjórnarinnar og lýðræðislegar samþykktir flokkanna. Jafnframt tilkynnti stjórnin fljótlega að hún hygðist láta taka saman skýrslu um stöðu og þróun viðræðna og um þróunina í Evrópusambandinu.

Skýrsla Hagfræðistofnunar var birt í febrúar 2014 og rædd á Alþingi. Þar kemur skýrt fram að ekki er hægt að uppfylla þau skilyrði sem sett voru með samþykkt ályktunar um umsókn 26. júlí 2009, svo sem um undanþágur frá sjávarútvegsstefnu sambandsins.

Núverandi ríkisstjórn hefur þá skýru stefnu að Íslandi beri að vera fyrir utan ESB og að því skuli viðræðum um aðild að sambandinu hætt. Það er því í eðlilegu samhengi við stefnu flokkanna, æðstu stofnana þeirra og niðurstöður kosninga vorið 2013 að núverandi ríkisstjórn slíti formlega þeim viðræðum sem fyrri ríkisstjórn hóf og að viðræðunum verði slitið með sams konar ályktun og lágu til grundvallar þess að þær voru hafnar.

A.3 Þjóðaratkvæðagreiðsla nú um framhald viðræðna?

Nú er því haldið fram af ýmsum að eðlilegt sé að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort viðræðum verði haldið áfram. Þeir sem halda þessu fram telja að það sé lýðræðislegt að spyrja þjóðina um framhaldið. Slíkt er mikil rökleysa sem sést þegar málið er skoðað.

Í fyrsta lagi var þjóðin ekki spurð að því þegar fyrrverandi ríkisstjórn ákvað að leggja til við Alþingi að samþykkt yrði ályktun um að sækja um aðild að ESB. Ýmsir kröfðust þess þá og lögðu til að málið yrði lagt fyrir þjóðina en því hafnaði fyrrverandi ríkisstjórn ítrekað. Þjóðaratkvæðagreiðsla árið 2009 um mögulegar viðræður hefðu þó verið eðlilegar þar sem ESB gerir ráð fyrir því að það ríki sem sækir um aðild hafi raunverulegan áhuga á því að ganga í sambandið. Af þessum sökum er ekkert sem mælir með því að það fari fram um það þjóðaratkvæðagreiðsla nú hvort halda skuli viðræðum áfram hvað þá um þá tillögu sem nú liggur fyrir Alþingi og hér er rætt um.

Í öðru lagi er með samþykkt þeirrar tillögu sem liggur fyrir Alþingi aðeins verið að staðfesta það að viðræður hafa ekki skilað árangri eins og sést á árangursleysi fyrrverandi ríkisstjórnar á heilu kjörtímabili.

Í þriðja lagi væri það algjörlega á skjön við eðlilegar vinnureglur að ríkisstjórn sem hefur þá skýru stefnu að halda Íslandi fyrir utan ESB láti fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda beri áfram viðræðum.

Í fjórða lagi má halda því fram með rétti að krafan um þjóðaratkvæði nú sé siðlaus brella þeirra aðildarsinna sem ekki gátu komið Íslandi í ESB á síðasta kjörtímabili. Þessir aðildarsinnar tóku ekki í mál árið 2009 að spyrja þjóðina þá. Að heimta þjóðaratkvæðagreiðslu til reyna að koma í veg fyrir eðlilega niðurstöðu af því lýðræðislega ferli sem felst í kosningum, stefnu og stjórnarsáttmála núverandi stjórnarflokka er því ekkert annað en pólitískt siðleysi.

B. Atriði sem varða fyrirkomulag, stöðu og þróun ESB sem mæla gegn aðild Íslands að sambandinu

Hvað þá með meginmálið sjálft, sem er það hvort það þjóni hagsmunum íslensku þjóðarinnar að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Eins og allir vita er það mál margslungið þótt helstu álitamálin séu nokkuð skýr.

B.1 Sjávarútvegsmál

Svo sem fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar og fleiri skýrslum, meðal annars frá ESB og í yfirlýsingum æðstu embættismanna ESB þá flyttust formleg yfirlýsing yfir fiskveiðiauðlindinni frá Reykjavík til Brussel gerðist Ísland aðili að ESB. Sambandið lítur á lífverur hafsins á svæði ESB sem sameiginlega auðlind allra íbúa sambandsríkjanna og ljóst er að engar varanlegar undanþágur hafa fengist frá þeim meginreglum sem þar gilda. Jafnframt er ljóst að stofnanir ESB hafa vald til þess að setja afleidda löggjöf í fiskveiðimálum sambandsins í mjög víðtækum mæli.

Ljóst er að með aðild að ESB yrði að heimila erlendum aðilum fjárfestingu í sjávarútvegi hér á landi, en ljóst er að í því gæti falist mikil hætta fyrir efnahagslíf Íslendinga ef stórir erlendir aðilar næðu í krafti sterkrar fjárhagsstöðu að kaupa upp stóran hluta fiskveiðiheimilda hér við land.

Þá er ljóst að ástæðan fyrir því að kafla viðræðna við ESB um sjávarútvegsmál hefur ekki verið opnaður er sú að Íslendingar hefðu orðið að víkja frá þeim skilyrðum sem sett voru með þingsályktuninni frá 16. júlí 2009. Íslenska samninganefndin gat þar af leiðandi ekki komið með áætlun um aðlögun að stefnu ESB í sjávarútvegsmálum sem nauðsynleg var til að loka þeim kafla. Þetta sýnir klippt og skorið að það þjónar ekki hagsmunum Íslands að gerast aðili að ESB.

Auk þessa er ljóst að með aðild tæki ESB yfir gerð þjóðréttarlegra samninga við ríki utan sambandsins er snerta fiskveiðar sem og aðra samninga sem varða alþjóðleg hafsvæði.

Þá skal undirstrikað að með aðild að ESB tæki sambandið yfir forræði varðandi alla flökkustofna. Við hefðum því ekki getað veitt makríl í þeim mæli við höfum gert. Auk þess yrðum við að hætta öllum hvalveiðum ef Ísland gerðist aðili að ESB.

B.2 Landbúnaðarmál

Við það að Ísland verður hluti af innri markaði ESB munu tollar af búvörum frá ESB falla niður. Við það mun verð til bænda á afurðum lækka verulega frá því sem nú er, með tilheyrandi tekjumissi fyrir bændur. Þetta hefur komið fram í skýrslum sem unnar hafa verið um áhrif ESB aðildar á íslenskan landbúnað. Með óheftum innflutningi á búvörum, sem er krafa ESB, yrði fæðuöryggi og matvælaöryggi hér á landi minna, atvinna og byggðir hér á landi yrðu í hættu. Hætt yrði við því að aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum myndi aðeins að óverulegu leyti skila sér í lægra vöruverði til neytenda. Reynsla erlendis frá bendir til þess að verðlækkun til neytenda sé aðeins lítill hluti af verðlækkun til bænda. Stuðningur við landbúnað er að auki byggður upp með allt öðrum hætti í ESB en á Íslandi. Upplýsingar um

finnskan og sænskan landbúnað sýna að norrænar jaðarþjóðir í ESB njóta ekki ávinnings af sameiginlegri landbúnaðarstefnu sambandsins til jafns við þjóðir sunnar í Evrópu.

Íslenskir búfjárstofnar eru einstæðir í sinni röð og er þjóðin skuldbundin alþjóðlega til að varðveita þá. Fátt bendir til að með ESB-aðild verði hægt að tryggja sambærilega vernd gagnvart innflutningi á smitefnum, þekktum sem óþekktum, með banni við innflutningi á lifandi búfé.

B.3 Gjaldmiðlamál og efnahagsþróun

Hagfræðingar eru nú almennt sammála um að evrusvæðið uppfyllir ekki skilyrði um að teljast hagkvæmt gjaldmiðilssvæði, sem þó átti að vera forsenda þess að sameiginlegur gjaldmiðill var tekinn upp á svæðinu. Svæðið uppfyllir til dæmis ekki skilyrði um færanlegt vinnuafli frá svæðum með litla atvinnu til svæða þar sem eftirspurnin eftir vinnuafli er meiri. Þess vegna er atvinnuleysi nálægt þrjátíu prósentum á Spáni og í Grikklandi en aðeins nálægt fimm prósentum í Þýskalandi og Austurríki.

Innra ójafnvægi í hagþróun evrusvæðisins endurspeglar auk þess hversu ófullburða gjaldmiðilsbandalagið er þar sem Þjóðverjum hefur tekist að halda framleiðslukostnaði hjá sér í lágmarki og bjóða þannig upp á ódýrari vörur en ríkin í suðri með þeim afleiðingum að mikill viðskiptaafgangur er hjá Þjóðverjum og eignasöfnun á meðan viðskiptahalli hefur verið talsverður hjá jaðarþjóðunum með tilheyrandi skuldasöfnun, atvinnuleysi, ójafnvægi í búskap hins opinbera og vaxandi fátækt stórra hópa. Evrusamstarfið er sú spennitreyja sem tefur verulega fyrir bata vandræðarikjanna sem stundum voru kennd við ákveðið húsdýr (PIGS-states: Portúgal, Ítalía, Írland, Grikkland og Spánn).

Skýrslur Seðlabanka Íslands og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands hafa ítrekað bent á að hagsveiflur hér á landi séu það ólíkar hagsveiflum á evrusvæðinu að óhentugt væri að nota sama gjaldmiðil og sömu peningastefnu hér á landi og á evrusvæðinu. Hætt yrði við því að með sama gjaldmiðli, sem er ófrávikjanleg stefna ESB fyrir aðildarlönd, gæti Ísland lent annað hvort í of miklum verðsveiflum og sveiflum í atvinnu þar sem hagsveiflur gerðu það að verkum að hér gæti verið niðursveifla þegar uppsveifla væri í evrulöndunum að meðaltali og því væru vextir hærri hér á landi en æskilegt væri út frá hagþróun hér á landi. Hið andstæða gæti þá átt sér stað þegar uppsveifla væri hér á landi, þ.e. að þá yrðu vextir of lágir miðað við ástandið hér á landi. Mismunandi aðstæður að þessu leyti gætu framkallað talsverðar sveiflur á vinnumarkaði, líkt og þekktist í Evrópusambandinu. Minna má á að Írar áttu í erfiðleikum af þessum sökum eftir að þeir gengu í Evrópusambandið og hliðstætt hefur gilt

um fleiri lönd ESB. Þetta er vegna þess að vaxtastefna Seðlabanka Evrópu sem menn trúðu að myndi henta öllum hentar í raun engum svo vel sé.

Seðlabanki Evrópu (sem ætti náttúrulega að heita Seðlabanki evrusvæðisins) er einn hinn ólýðræðislegasti seðlabanki á heimssvæði okkar. Þar eru teknar ákvarðanir um stýrivexti út frá meðaltalsþróun á evrusvæðinu, fundargerðir frá ákvarðanatökufundum eru ekki birtar opinberlega og fulltrúum einstakra landa er óheimilt að tjá sig um eigin atkvæðagreiðslu eða skoðanir. Það má því segja að þar sé ákveðin skoðanakúgun í gangi. Gerðist Ísland aðili að ESB og tæki í fyllingu tímans upp evru þýddi lítið fyrir fulltrúa atvinnulífsins hér á landi að kvarta yfir vaxtaákvörðunum því á þá yrði ekki hlustað hvað þá að skoðanir þeirra yrðu eitthvert innlegg í næstu ákvarðanir. Aðstæður hér á landi myndu ekki skipta neinu máli hjá Seðlabanka evrusvæðisins vegna smáðar landsins.

Því skiptir máli að Íslendingar haldi sjálfir um efnahagsstjórn hér á landi og vandi vel til verka og betur en gert hefur verið hingað til. Eigin gjaldmiðill er miklu eðlilegri stuðpúði gegn mögulegum hagsveiflum en stórkostlegur niðurskurður í opinberum útgjöldum og miklar fjöldauppsagnir, svo vísað sé til þess sem gerst hefur í ESB-löndunum á síðustu árum.

B.4 Lýðræðismál

Í Evrópusambandinu er mikill lýðræðishalli og skortur á því sem kalla má lýðræðislegt lögmæti. Æ stærri hluti löggjafarvalds hefur verið færður frá þjóðþingum aðildarríkja til stofnana ESB. Mikil gjá hefur myndast á milli almennings í aðildarríkjum og stofnana ESB. Þátttaka í kosningum til ESB-þingsins er lítil og að jafnaði talsvert minni en í kosningum í viðkomandi löndum, og þingmenn og fulltrúar í framkvæmdastjórn þurfa lítið að standa reikningsskil gerða sinna gagnvart kjósendum.

Með aðild að ESB myndi forræði í einu stærsta hagsmunamáli Íslendinga, sjávarútvegsmálum, flytjast til ESB. Þar gætu ríflega 750 þingmenn frá ESB-löndunum sett lög um fiskveiðimál á Íslandi og þar hefðum við líklega fjögur sæti. Það er ansi hætt við því að boðleiðir yrðu torsóttari og seinfarnari en nú er. Bretar hafa ríflega sjötíu þingmenn en telja samt að ítrekað sé gengið fram hjá sjónarmiðum þeirra.

Svo er á það að líta að innan Evrópusambandsins sjálfs er valdinu að verulegu leyti komið fyrir hjá tiltölulega fámennri framkvæmdastjórn og nokkru fjölmennara ráðherraráði. Í framkvæmdastjórninni hefðu Íslendingar eitt sæti af um 30. Þessi tiltölulega fámenni hópur á mest frumkvæði að lagasetningu.

C. Niðurstöður og lokaorð

Samantekið er það niðurstaðan af þessari samantekt að það sé eðlilegt og rétt að samþykkja þá þingsályktun sem er kveikjan að þessari umsögn þar sem það þjónar illa hagsmunum Íslendinga að vera hluti af Evrópusambandinu. Við getum átt í eðlilegum og góðum samskiptum og viðskiptum við Evrópuþjóðir sem og aðrar þjóðir eftir sem áður. Það reyndist Íslendingum farsælt að gerast fullvalda þjóð og taka flest mál í eigin hendur árið 1918. Þá hófst hér á landi mikið framfaraskeið sem færði íslenska þjóð úr því að vera ein sú fátækasta í það að vera í hópi þeirra þjóða þar sem velmegun er hvað mest.

Það skiptir miklu máli að hafa forræði í eigin málum. Það veitir þá von að þjóðin geti sjálf breytt málum og komið þeim í farsælan farveg en slíkt blæs þjóðinni í brjóst það sjálfstraust og þann kraft sem hefur reynst okkur vel fram að þessu. Aðild að ESB myndi ekki aðeins vera hamlandi á ýmsa vegu heldur er hætt við að hún myndi smám saman draga úr þeirri framtakssemi sem hverri fámennri þjóð er nauðsyn, ekki síst þjóð sem býr við jafn erfiðar landfræðilegar aðstæður og Íslendingar hafa gert í gegnum aldirnar.

Það eru bjartir tímar framundan á Íslandi. Við erum að ná okkur upp úr þeirri efnahagskreppu sem varð möguleg meðal annars vegna samevrópskra reglna í fjármálalífi sem við urðum að undirgangast og gerðu íslenskum bönkum það kleift að vaxa íslenskum efnahag yfir höfuð. Við erum smám saman að koma styrkari stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Það höfum við gert þrátt fyrir að ýmsar ESB-þjóðir hafi reynt að leggja stein í götu okkar, svo sem í Icesave-málinu. Þess vegna er mikilvægt að Íslendingar taki höndum saman um áframhaldandi uppbyggingu í íslensku atvinnu- og þjóðlífi. Því fyrir sem þingsályktunartillagan um að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu verður samþykkt því fyrir getum við með sameinuðum kröftum og því sjálfstrausti og krafti sem einkennt hefur íslenska þjóð tekið höndum saman um að byggja hér áfram upp öflugt og gott velferðarsamfélag.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Heimssýnar,

